

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Inngangur að sálfræði fjarnám (SÁLF2SF05) Námsáætlun (vorönn 2018)	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Urður María Sigurðardóttir	Sk.st.	UMS
----------------	----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Þetta er grunnáfangi í sálfræði og ætlað að kynna nemandanum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar, sögu og þróun. Helstu sálfræðistefnur eru kynntar og grunnhugtök. Þá er fjallað um starfssvið sálfræðinga og helstu undirgreinar. Nemandi kynnist rannsóknaraðferðum sálfræðinnar bæði bóklega og verklega. Fjallað er sérstaklega um námssálfræði bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt og nemendur læra um mismunandi tegundir náms og minnisaðferðir. Fjallað er um samspil hugsunar, hegðunar og tilfinninga, sjálfsmynd, mannleg samskipti, þróun náinna sambanda og almennt um mannlegt eðli. Áhersla á að tengja sálfræðina reynsluheimi nemanda, auka víðsýni hans, rökhugsun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- helstu frumkvöðlum í greininni
- víðfeðmi sálfræðinnar og helstu undirgreinum hennar
- hagnýtu gildi sálfræðinnar
- leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- mótunaröflum einstaklinga og hópa

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan máta
- skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja mótunaráhrif umhverfisins á sjálfan sig og aðra
- skilja samspil hegðunar, hugsunar og tilfinninga
- geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér
- framkvæma einfalda rannsókn og átta sig á helstu niðurstöðum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Inngangur að sálfræði fjarnám (SÁLF2SF05) Námsáætlun (vorönn 2018)
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Námsgögn:

Inngangur að sálfræði. Höfundar: Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir. Útgefandi JPV, Reykjavík 2008.

Ýmislegt efni frá kennara, aðgengilegt á vef áfangans á Innu.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Kafli	Viðfangsefni	Námsmat
3 15.-21. jan	1. kafli	Hvað er sálfræði?	
4 22.-28. jan	2. kafli	Þróun greinarinnar	Smáverkefni 1
5 29.jan-4. feb	3. kafli	Ólíkar stefnur	Smáverkefni 2
6 5.-11. feb	4. kafli	Námssálfræði: Einföld hegðun og taugakerfi	
7 12.-18. feb	4. kafli	Námssálfræði: Viðbragðsskilyrðing <i>15.-16 feb - vetrarfrí</i>	Smáverkefni 3
8 19.-25. feb	4. kafli	Námssálfræði: Virk skilyrðing	Praxis 1
9 26. feb-4. mars	5. kafli	Hugræn sálfræði: Hugrænt nám og minni	Smáverkefni 4
10 5.-11. mars	5. kafli	Hugræn sálfræði: Minni og námsörðugleikar	Rannsóknaráætlun
11 12.-18. mars	5. kafli	Hugræn sálfræði: Gervigreind og tölvur <i>Þemavika: upplýsingatækni og 4. iðnbýltingin</i>	Smáverkefni 5
12 19.-25. mars	6. kafli	Rannsóknir í sálfræði: Siðferði í rannsóknum, skrif rannsóknarskýrsla	
13 26. mars-1.apr		PÁSKAFRÍ	
14 2.-8. apr	6. kafli	Rannsóknir í sálfræði: Rannsóknaraðferðir, skekkjur og mat á rannsóknum.	Rannsóknarskýrsla - lokaskil

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Inngangur að sálfræði fjarnám (SÁLF2SF05) Námsáætlun (vorönn 2018)
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

15 9.-15. apr	7. kafli	Sjálfsmynd og samskipti: Sjálfið og nánin sambönd	Praxis 2
16 16.-22. apr	7 kafli	Sjálfsmynd og samskipti: Sjálfsmynd, sjálfsskynjun og menning	Smáverkefni 6

Verkefni:

Smáverkefni: Sex margs konar smáverkefni lögð yfir önnina.

Praxis-verkefni: Verkefni þar sem nemendur hagnýta sér þekkinguna úr áfanganum til þess að útskýra eða greina eitthvað fyrirbæru eða atvik úr daglegu lífi.

Rannsókn: Nemendur framkvæma tilraun og skrifa um það rannsóknarskýrslu. Skil eru tvisvar yfir önnina. Nemendur skila sérstaklega inn rannsóknaráætlun sem gildir 5% og einkunn fyrir hana er annaðhvort skilað/ekki skilað (0 eða 10 í einkunn). Nemendur geta einnig skilað skýrslunni sinni einu sinni inn til kennara áður en lokaskilin eru til þess að fá leiðbeinandi athugasemdir og leiðsögn við skrif á skýrslunni.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Smáverkefni	Sex smáverkefni úr efni áfangans. Hvert þeirra gildir 5%		30%
Praxisverkefni	Tvö praxisverkefni unnin yfir önnina. Hvort gildir 5%		10%
Rannsókn	Rannsóknarverkefni og rannsóknarskýrsla, þar af gildir rannsóknaráætlun 5%		20%
Lokapróf	Lokapróf úr öllu efni áfangans.		40%
	Samtals:		100%
Annað: Áfanginn skiptist í 60% vetrareinkunn og 40% lokapróf. Nemendur þurfa að ná a.m.k. 40% af prófþáttunum (lágmark 4,0 í prófi) til þess að vetrareinkunn gildi.			

Birt með fyrirvara um breytingar

Dagsetning: 19/01

Ulla María Sigurðardóttir
Undirritun kennara

Forsteian Krüger 22/1/18
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

